

Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
maí 2015



Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hjallavegur 2, Hljómahöll, Reykjanesbær
sími 420-1400 Netfang: tonlistarskoli@reykjanesbaer.is
vefslóð: tonlistarskoli.reykjanesbaer.is
Skrifstofan er opin mán., þri., fim. og fös. frá kl. 13-17 og mið. frá kl. 9-13

Nú líður að lokum þessa skólaárs. Skólastarfið hefur gengið vel í vetur og nú er prófum í hljóðfæraleik, söng og tónfræðagreinum um það bil að ljúka. Framundan eru vortónleikar kennara/deilda og vortónleikar hljómsveita og samspilshópa. Það eru því miklar annir hjá bæði nemendum og starfsfólki skólans þessa dagana. Það er afar mikilvægt að fara vel yfir það sem stendur hér í Tónvísir, sem og að fylgjast vel með á vefsíðunni okkar. Við viljum benda sérstaklega á að athuga vel staðsetningar vortónleikanna.

Vortónleikar kennara/deilda

Fjöldmargir vortónleikar verða haldnir á þessu vori eins og venjulega og stendur hver deild eða kennarar fyrir tónleikum með sínum nemendum. Kennarar tilkynna sjálfir til nemenda og/eða foreldra hvar og hvenær tónleikar verða. Yfirlit yfir alla vortónleika skólans er hér á baksíðu Tónvísis og á vefsíðu skólans. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tónleikahaldið á skrifstofunni.

Síðasti kennsludagur og skólaslit

Síðasti kennsludagur skólaársins er miðvikudagurinn 20. maí. Skólaslit verða í Stapa, Hljómahöllinni, miðvikudaginn 27. maí kl. 18.00. Það hefur ávallt verið fjölmenni við skólaslit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og nú sem endranær eru allir velkomnir. Á skólaslitunum verða að venju afhent prófskírteini og aðrar einkunnir, Íslandsbanki mun veita nemanda hin árlegu „Hvatningarverðlaun“ bankans og falleg tónlist verður flutt. Athöfnin tekur u.þ.b eina klukkustund.

Umsóknir fyrir næsta vetur

Nú eiga allir nemendur skólans að vera búnir að skila inn umsóknum um áframhaldandi skólavist næsta skólaár. Ef einhver hefur „sofið á verðinum“ með það, þarf viðkomandi að skila inn umsókninni á skrifstofu skólans nú þegar. Sá sem ekki skilar inn umsókn fyrir næsta skólaár má búast við því að missa plássið sitt.

Vortónleikar Lúðrasveitanna

Rétt er að vekja athygli á vortónleikum Lúðrasveitanna (sjá auglýsingu annars staðar í Tónvísir), sem að þessu sinni verða með óvenjulegu sniði, því kallaðir hafa verið til Kór TR og elsta Gítarsveit TR, sem verða í eins konar „einleikarahlutverki“ með elstu lúðrasveitinni. Þarna kveður við nýjan tón og verður eflaust forvitnilegt að heyra.

Starfsáætlun vorannar 2015

Þriðjudagur 12. maí

í Bergi, Hljómahöll kl. 17:00

Strengjasveitir Tónlistarskólans

Stjórnendur: Unnur Pálsdóttir og Þórunn Harðardóttir

fimmtudagur 21. maí

í Bergi, Hljómahöll kl. 17:30

Samspilshópar gítardeildar

Stjórnendur: Aleksandra Pitak og Þorvaldur Már Guðmundsson

mánudagur 25. maí

í Stapa, Hljómahöll, kl. 18:00

Lúðrasveitir Tónlistarskólans

ásamt Kór TR og Gítarsveit TR

Stjórnendur: Harpa Jóhannsdóttir, Kristín Þóra Pétursdóttir,
Björgvin H. Ragnarsson og Karen J. Sturlaugsson

miðvikudagur 27. maí

í Stapa, Hljómahöll, kl. 18:00

Skólaslit

Tónlistarflutningur, Hvatningarverðlaun Íslandsbanka, afhending
prófskírteina og vitnisburðarblaða vetrarins. Allir velkomnir.

Burtfarartónleikar í vor

Þrið. 28. apríl kl. 19:30 **Ína Dóra Hjálmarsdóttir, sópran**

fimm. 30. apríl kl. 20:00 **Sigrún Lína Ingólfssdóttir, mezzosópran**

laug. 16. maí kl. 16:00 **Halldórs Gylfason, píanó**

miðv. 20. maí kl. 19:30 **Guðríður Eva Halldórsdóttir, píanó**

12. maí	Þrið.	kl. 17:00	Vortónleikar Strengjasveitar TR í Bergi
15. maí	fös.	kl. 17:00	Vortónleikar nem. Helgu Aðalheiðar í Bergi
		kl. 18:30	Vortónleikar nem. Bjargeyjar í Bergi
16. maí	laug.	kl. 16:00	Burtfarartónleikar Halldórs í Stapa
18. maí	mán.	kl. 16:30	Vortónleikar nem. Þorvaldar Más og Díönu í Bergi
		kl. 17:30	Vortónleikar Rytmískrardeildar í Stapa
		kl. 18:30	Vortónleikar nem. Kristjáns og Kristínar í Bergi
		kl. 20:00	Vortónleikar Tónvers í Stapa
19. maí	Þrið.	kl. 17:00	Vortónleikar nem. Germans í Bergi
		kl. 17:00	Vortónleikar nem. Sigrúnar Gróu og Grétu í Stapa
		kl. 17:00	Vortónleikar nem. Örvars í Bíósal, Duus
		kl. 18:00	Vortónleikar nem. Unnar í Bergi
		kl. 18:00	Vortónleikar nem. Þórunnar í Stapa
		kl. 19:00	Vortónleikar nem. Aleksöndru í Bergi
		kl. 19:00	Vortónleikar nem. Söngdeildar í Stapa
		kl. 19:30	Vortónleikar nem. Steinars í Bíósal, Duus
20. maí	miðv.		Síðasti kennsludagur
		kl. 17:00	Vortónleikar nem. Geirþrúðar, Berglindar og Dagnýjar í Bergi
		kl. 17:30	Vortónleikar nem. Ragnheiðar í Stapa
		kl. 18:00	Vortónleikar nem. Geirþrúðar, Berglindar, Dagnýjar, Páls og Jóns í Bergi
		kl. 18:30	Vortónleikar nem. Andra í Stapa
		kl. 19:30	Burtfarartónleikar Guðríðar Evu í Bergi
21. maí	fimm.	kl. 16:30	Vortónleikar nem. Brynjólfs og Helga í stofu 102
		kl. 17:30	Vortónleikar Gítarsamspil TR í Bergi
		kl. 17:30	Vortónleikar nem. Hörpu, Vilhjálm og Björgvins í Stapa
25. maí	mán.	kl. 18:00	Vortónleikar Lúðrasveitar TR í Stapa
27. maí	miðv.	kl. 18:00	Skólaslit í Stapa
29. maí	fös.	kl. 20:00	Brúðkaup Figarós í Bergi – Frumsýning I
30. maí	laug.	kl. 20:00	Brúðkaup Figarós í Bergi – Frumsýning II
3. júní	miðv.	kl. 20:00	Brúðkaup Figarós í Bergi
4. júní	fimm.	kl. 20:00	Brúðkaup Figarós í Bergi

Aðgangur á þessa viðburði er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.